

## ***Þingskjal nr. 34***

### **Flytjandi: hestamannafélagið Sörli**

#### **Lagt fyrir:**

#### **Tillaga:**

57. Landsþing LH haldið á Akureyri 22. og 23. október 2010 samþykkir að fela stjórn LH að koma með tillögu á næstu ráðstefnu FEIF um að það sé ávallt Íslendingur í stjórn FEIF þar sem Ísland er upprunaland íslenska hestsins.

#### **Greinargerð:**

Allt stjórnkerfi FEIF er í endurskoðun og þess vegna er lag til að koma þessari reglu á, aðild okkar Íslendinga er tvöföld þ.e. LH annarsvegar og Bændasamtökin hinsvegar og er nauðsynlegt að þau komi sér saman um þann fulltrúa sem þau vilja sjá í stjórn og beri allan kostnað af ferðum vegna funda. Mjög mikilvægt er fyrir okkur að vera vel tengd inn í stjórnkerfi FEIF og er þetta mjög eðlileg krafa m.t.t. að Ísland er upprunaland hestsins og margar ákvarðanir um framgang keppni og ræktunar eru teknar á vegum FEIF.